

50. fundur í svæðisráði suðursvæðis haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 6. febrúar frá kl 11:00 – 13:00

Mættir: Björn Ingi Jónsson, Guðrún Inga Bjarnadóttir og Þórhildur Magnúsdóttir voru í síma og Sigurlaug Gissurardóttir, Snævarr Guðmundsson, og Huguína Harpa Reynsidóttir boðuðu forföll. Einnig sátu Helga Árnadóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður fundinn.

Fundargerð ritaði Regína Hreinsdóttir.

Dagskrá:

Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri og Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri mættu á fundinn til að kynna svæðisráði drög að framkvæmda- og rekstaráætlun 2017 og drög að uppgjöri fyrir 2016. Umræða var um hugsanlegar sparnaðaraðgerðir og tekjumöguleika þjóðgarðsins vegna fyrirséðs samdráttar á fjárlögum.

Einnig var nokkur umræða um að nú hefur ríkið afhent Vatnajökulþjóðgarði jörðina Fell til umsjár og eftirlits. Hvaða stefnu er rétt að taka varðandi uppbyggingu á svæðinu og hvernig ætti forgangsörðun hennar að vera. Hvar er mögulegt að koma upp framtíðar bílastæðum á svæðinu í takt við þá miklu umferð sem er á Jökulsárlóni.